

## AUGLÝSING

### um mörk kjördæma í Reykjavík fyrir alþingiskosningar 25. apríl 2009.

*Landskjörstjórn gerir kunnugt:* að með vísan til 1. mgr. 7. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, sbr. og 5.-6. tölul. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, skuli mörk Reykjavíkurkjördæma suður og norður fyrir alþingiskosningar 25. apríl 2009 vera eftirfarandi:

Mörk Reykjavíkurkjördæma suður og norður skulu dregin um miðlínu eftirfarandi gatna frá vestri til austurs: Eftir Hringbraut (frá Ánanaustum), gömlu Hringbraut, Miklubraut, Ártúnsbrekku og Vesturlandsvegi, en frá Vesturlandsvegi á mótis við Sóltorg (ISN93 hnit: 364886, 405744) skal dregin bein lína í miðpunkt Sóltorgs og þaðan skulu mörkin dregin eftir miðlínu Kristnibrautar, Gvendargeisla og Biskupsgötu að Reynisvatnsvegi. Frá gatnamótum Biskupsgötu og Reynisvatnsvegar skal dregin bein lína að borgarmörkum (ISN93 hnit: 369110, 405535).

Meðfylgjandi eru tveir upprættir, merktir fylgiskjal I og fylgiskjal II, sem sýna mörk milli Reykjavíkurkjördæma með blárri línu.

Þá hefur landskjörstjórn ákveðið með vísan til 2. mgr. 23. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, að þeim sem taka ber á kjörskrá í Reykjavík skv. b-lið 1. mgr. 23. gr. sömu laga skuli skipt milli Reykjavíkurkjördæma suður og norður þannig að í Reykjavíkurkjördæmi suður komi allir þeir sem eru fæddir 1.-15. dag mánaðar en í Reykjavíkurkjördæmi norður komi allir þeir sem fæddir eru 16. dag mánaðar eða síðar. Sama regla gildir um þá sem skráðir eru óstaðsettir í hús í Reykjavík.

*Reykjavík, 2. apríl 2009.*

Landskjörstjórn,

**Bryndís Hlöðversdóttir** varaformaður.

**Hervör Þorvaldsdóttir.**

**Þórður Bogason.**


**Hrafnhildur Stefánsdóttir.**

**Sólveig Guðmundsdóttir.**

---

*Ásmundur Helgason.*

**Fylgiskjal I.**



**Fylgiskjal II.**

